

## **Fundargerð stjórnar byggðasamlags UTU – 100. fundur haldinn í fjarfundi 4. apríl 2023 og hófst hann kl. 17:00**

### **Fundinn sátu:**

Helgi Kjartansson var fjarverandi en í stað hans sat fundinn Guðrún S. Magnúsdóttir, Haraldur Þór Jónsson formaður, Ísleifur Jónasson, Walter Fannar Kristjánsson, Björn Kristinn Pálmarsson varaformaður, Jón Bjarnason og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Nanna Jónsdóttir, skrifstofustjóri

Haraldur Þór formaður stjórnar setti fund og bauð skrifstofustjóra velkominn til starfa.

### **Dagskrá:**

#### **1. Ársreikningur UTU 2022**

Ársreikningur 2022 fyrir UTU lagður fram, Nanna fór yfir ársreikninginn sem endurskoðaður var af PwC ehf. Jafnframt var lögð fram til kynningar endurskoðunarskýrsla fyrir árið 2022.

Heildartekjur embættisins námu 186,4 millj. kr. og þar af voru þjónustutekjur 154,8 millj. kr. og seld þjónusta 31,6 millj. kr. Rekstrarniðurstaða embættisins samkvæmt ársreikningi var 0 kr. en reksturinn er rekinn á núlli þar sem aðildarsveitarfélögin ábyrgjast framlög til embættisins ef tekjur þess duga ekki fyrir kostnaði þess.

Stjórn ræddi ársreikninginn og staðfestir hann með undirritun sinni.  
Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:33

## Undirritunarsíða

fulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps  
Björn Kristinn Pálmarsson

fulltrúi Hrunamannahrepps  
Jón Bjarnason

fulltrúi Flóahrepps  
Walter Fannar Kristjánsson

fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps  
Haraldur Þór Jónsson

fulltrúi Ásahrepps  
Ísleifur Jónasson

fulltrúi Bláskógabyggðar  
Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir